

Mánudaginn 21. ágúst 1916:

Nr. 43/1916.

Réttvísinn

gegn

Sigurði Gunnarssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 3. júní þ. á., var ákærði Sigurður Gunnarsson, húsmáður frá Siglufirði, dæmdur fyrir nauðg-unartilraun samkvæmt 169. gr. sbr. 46. gr. og 177. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til 40. gr. þeirra til að sæta 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo var ákærði og dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að hinn 10. maí þ. á., um kl. 6 síðdegis varð ákærða gengið fram hjá húsi Jóns Ebenezeronar á Ísafirði. Sá hann þá unglingsstúlku Sigríði Magnúsdóttur, 18 ára að aldri, við gólfþvott í inngönguskúr við húsið. Fékk ákærði leyfi stúlkunnar til að koma inn í skúrinn og hallaði hann hurðinni aftur. Falaði ákærði þvínæst eftir samræði við stúlkuna, en hún neitaði því og hló við. Tók ákærði þá stúlkuna, sem lá á hnjúnum við gólfþvottinn, lagði hana upp í loft, og lagðist ofan á hana og hafði aðra samræðistilburði. Á meðan á þessu stóð orgaði Sigríður og varðist ákærða. Kom þá kvenmaður að, sem heyrði hljóðin, og reyndi til að opna skúrinn, en gat þó ekki opnað skúrhurðina svo

að hún kæmist inn, en ákærði hélt áfram samræðis-tilraununum þar til annar kvenmaður kom að og rak hann ofan af stúlkunni. — Ekki kom ákærði vilja sínum fram og ekkert sást á stúlkunni eftir þessa viðureign þeirra. Sigríður þessi hefir ekki verið yfirheyrð sjálf, með því að hún er talin hálfviti og ekki fær um að mæta fyrir rétti, en um þetta ástand hennar var ákærða ókunnugt.

Afbrot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur saka-
 manna og hefir ekki sætt refsingu eða ákæru fyrir
 neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 169. gr., sbr.
 46. gr. almennra hegningarlaga, en með því hann
 var töluvert drukkinn, er hann framdi brotið verður
 og að taka tillit til þess, er refsingin er ákveðin.
 Þykir þá refsing ákærða með tilliti til 40. gr. hegn-
 ingarlaganna hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi
 við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á auka-
 réttardómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber og
 að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með
 talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir
 yfirdóminum, er ákveðst 15 kr. til hvors þeirra.

Hvað meðferð málsins í héraði snertir er það að
 athuga, að í réttarhaldi 22. maí þ. á., var kveðinn
 upp úrskurður um að ákærði skyldi leystur úr
 gæzluvarðhaldi, en eftir að úrskurðurinn var upp-
 kveðinn bókar rannsóknardómarinn að ákærði sé
 geymdur í fangahúsinu þar til yfir lýkur um mál
 þetta án þess getið sé neinnrar ástæðu fyrir þessari
 ráðstöfun, og er það aðfinsluvert. Þá er það og að-
 finsluvert, að rannsóknardómarinn hefir eigi tekið eða
 eða reynt að taka skýrslu Sigríðar Magnúsdóttur, eða

einu sinni látið hana koma fyrir rétt, til þess að ganga síálfur úr skugga um, hvort framburður hennar gæti eigi verið nokkurs virði, þrátt fyrir greindarleysi hennar.

Eins og getið er um að framan, dæmdi undirdóm-arinn ákærða í 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð, og er slík refsing ekki heimiluð í hegningarlögum. En í óstaðfestu og óundirskrifuðu símskeyti til stjórnar-ráðsins segir »sýslumaður« (þ. e. dómarrinn), að í dómi Sigurðar Gunnarssonar eigi refsingin »að vera 5×6 daga, hitt misritun«. Hinum staðfestu dómsgerðum verður þó eigi breytt eftir símskeyti þessu, og getur undirdómarrinn ekki komist hjá að vera víttur fyrir þessa hroðvirkni. Málið hefir annars í héraði verið rekið með nægilegum hraða og málsfærslan fyrir yfir-dómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Refsing ákærða, Sigurðar Gunnarssonar, skal ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.